

Ná.

204. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á lögum um yfirsetukvennaskóla í Reykjavík, nr. 15, 22. okt. 1912.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin hefir orðið sammála um, að frumvarpið gangi í rjetta átt, miði að því að auka nndirbúningsnám ljósmæðra og tryggja það, að sá styrkur, sem varið er til námskvennanna, komi allur að notum, en renni aldrei til þeirra, sem hafa námið að yfirskyni, eins og komið mun hafa fyrir. Hinsvegar telur nefndin það fullharða skilmála, að ljósmæðraefni skuldbindi sig til 5 ára þjónustu áður en þær hefja námið. Nefndin telur og rjett, að landlæknir starfi við skólann samkvæmt embætti sínu og hafi engin laun fyrir, enda hefir fjárveitinganefnd bent á það í álitu sínu. Nefndin gerir því þá breytingartillögu, að ákvæðum laganna sje breytt í það horf. Hinsvegar telur nefndin rjett, að launaákvæðum þeirra ljósmæðra, er starfa við skólann, sje breytt í það horf, sem nú á sjer stað, og sjeu laun þeirra ákveðin 300 kr. á ári. Fjárveitinganefnd hefir að visu gert tillögu um lækkun á launum þeirra niður í 200 kr. En þar sem skólinn er lengdur, um 3 mánnði, virðist rjettmætt, að þær fái að halda núverandi launum. Hinsvegar leggur nefndin ekki sjerstaka áherslu á þetta atriði og sættir sig við, að breytt verði á þann hátt, er fjárveitinganefnd leggur til, heldur en að þetta smáatriði, sem öll sanngirni þó mælir með, standi frumvarpinu fyrir þrifum.

Mentamálanefnd leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt með svofeldum

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr.

Á eftir greininni komi ný grein, er verður 3. gr., svo hljóðandi:

a) Fyrri málsgrein 3. gr. laganna orðist svo:

Landlæknir er samkvæmt embættisstöðu sinni kennari skólans.

b) Í staðinn fyrir »100 kr.« í síðari málsgrein sömu greinar komi: 300 kr.

2. Við 4. gr.

Í staðinn fyrir »5 ár« komi: 3 ár.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

Alþingi, 21. mars 1924.

Magnús Jónsson,
form.

Ásgeir Ásgeirsson,
skrifari og frsm.

Sigurjón Jónsson.

Bernharð Stefánsson.

Jón Kjartansson.